

Mál nr. 65/2020

M og
V vegna ábyrgðarliðar fasteignatryggingar XMöguleg skaðabótaábyrgð fasteignareiganda vegna tjóns á bifreið 20. febrúar 2019.**Gögn.**

Málskot mótttekið 24. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum og ódagsettum viðbótarathugasemdum frá M. Bréf V, dags. 5. mars 2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram af hálfu M að hann hafi lagt bifreið sinni í bifreiðastæði við hús X hinn 20. febrúar 2019 og snjór og klaki hafi fallið af þaki hússins niður á bifreiðina og valdið þannig skemmdum. Í tjónstilkynningu frá X dags. 6. mars 2019 kemur fram að bifreiðastæðin hafi verið notuð í áratugi, án vandræða og búið hafi verið að hreinsa snjó af þaki og klaka sem hafi myndast. Einnig kemur fram í skýrslu X að M hafi notað umrædd bifreiðastæði til nokkurra ára ásamt öðrum og X hafi eftir bestu getu sinnt því að hreinsa snjó og klaka af húsinu. Að lokum kemur fram í skýrslu X að tjónið hafi orðið af tilviljun.

M telur að bæta eigi tjónið úr ábyrgðartryggingu X og vísar til atviks sem hafi orðið á sama stað á árinu 2008 þar sem fimm bifreiðar hafi skemmt við svipaðar aðstæður og bifreið M og tjón á þeim bifreiðum hafi verið bætt úr ábyrgðartryggingu X. M telur að X hefði átt að girða bifreiðastæðin af vegna tjónshættu og brotið sé gegn jafnræðissjónarmiðum ef tjón hans fáið ekki bætt.

V hefur hafnað því að skaðabótaábyrgð X sé fyrir hendi sem fasteignareiganda þar sem ekki sé sýnt fram á að tjón á bifreið M megi rekja til vanrækslu forsvarsmanna X og óhjákvæmilega geti myndast aðstæður þar sem snjór safnist fyrir á húspökum og detti niður án þess að fasteignareigandi geti komið í veg fyrir það. V telur sýnt að X hafi gert ráðstafanir stuttu fyrir umrætt tjón með því að láta hreinsa snjó. V vísar einnig til þess að ekki liggi fyrir nákvæm gögn um aðstæður á tjónsstað, myndir af vettvangi eða umfangi tjóns.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreið hans sé hægt að rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Í málinu er ágreiningslaust að tjón varð á bifreið M þegar henni var lagt í bifreiðastæði við húseign X. Í málinu liggur hins vegar ekki fyrir samtímaskýrsla um aðstæður á bifreiðastæðinu, umfang tjóns, veðuraðstæður eða annað sem skipt getur máli við mat á því hvaða almennu ráðstafanir húseigandi átti að gera í ljósi þeirrar mögulegu hættu sem getur almennt stofnast af því að snjór safnist á húseigninni. Í skýrslu húseigandans sjálfs kemur fram að ráðstafanir hafi verið gerðar og tilviljun hafi ráðið því að snjór hafi fallið af þakinu við þessar aðstæður. Verður M að bera hallann af þeim skorti á sönnunargögnum um að X hafi átt að grípa til frekari ráðstafana í umrætt sinn. Það að mögulega hafi bifreiðaeigendum verið bætt tjón sitt meira en áratug áður vegna þeirra aðstæðna sem þá voru uppi gildir ekki sem sönnun fyrir þær aðstæður sem uppi voru þegar tjón varð á bifreið M. Verður því ekki fallist á bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.